



Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri

Vinna að gerð stefnunnar hófst haustið 2019, þegar SHA stóð fyrir vinnufundi þar sem fjölbreyttur og breiður hópur stúdenta kom saman. Framkvæmdastjórn SHA tók niðurstöður vinnufundarins saman og stúdentaráð mótaði stefnuskjölin saman í sameiningu í kjölfarið. Stefnan skiptist í 8 kafla og hefur stúdentaráð tekið einróma ákvörðun um að kaflarnir er varða gæðamál, náms- og kennslumál og húsnæðismál verði settir fremst á oddinn á starfsárinu 2019-2020.

Stefnan skiptist í eftirfarandi kafla

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í alþjóðamálum	1
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í atvinnumálum	2
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í fjölskyldumálum	4
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í gæðamálum	5
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í húsnæðismálum	7
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í jafnréttismálum	9
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í náms- og kennslumálum	12
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í umhverfis- og samgöngumálum	14

Stefnan var samþykkt á 69. fundi stúdentaráðs SHA þann 14. febrúar 2020

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í alþjóðamálum

1. Skiptinemar

Á hverju misseri kemur fjölbreyttur hópur stúdenta í skiptinám við Háskólann á Akureyri. Mikilvægt er að stúdentar HA taki vel á móti þeim sem hingað koma og hvetji þá til þess að taka þátt í námssamfélaginu. Alþjóðafulltrúi HA ber ábyrgð á skiptinemunum ásamt Alþjóðanefnd SHA og skal formaður Alþjóðanefndar vera í góðum samskiptum við Alþjóðafulltrúa. Mikilvægt er að SHA og aðildarfélög þess auglýsi viðburði sína alltaf á ensku, til þess að tryggja upplýsingaflæði og aðgengi. *Sjá nánar Stefnu SHA í jafnréttismálum.*

Síðustu ár hefur HA reynt að hafa virkt „buddy system“ innan veggja háskólans en vegna stærð háskólans hefur það ekki gengið eftir. Því er mikilvægt að Alþjóðanefndin sé virk og taki skiptinema að sér þegar kemur að námssamfélaginu. Skulu öll aðildarfélög SHA, að Data og Forseta undanskildum, hafa virka fulltrúa í Alþjóðanefnd SHA. Viðburðir eins og menningarkvöld og tungumálakaffi er gott tækifæri fyrir skiptinema til þess að koma sér inn í námssamfélagið.

2. Stúdentar HA sækja fram á við í alþjóðamálum

Til þess að efla hæfni, færni og víðsýni stúdenta HA er mikilvægt að hvetja til þátttöku í alþjóðalþjóðamálum svo sem með því að sækja skiptinám eða námskeið sem kennd eru erlendis frá. Þrátt fyrir að Alþjóðafulltrúi HA kynni slíkt reglulega fyrir stúdentum, er aðsókn íslenskra stúdenta ekki nægilega góð í skiptinám. SHA sér tækifæri hvað varðar kynningar og reynslusögur frá þeim stúdentum sem hafa farið í skiptinám en ætla má að margir stúdentar mikli skiptinám fyrir sér. Skiptinám þarf að vera aðgengilegt fyrir nema í öllum námsleiðum háskólans.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í atvinnumálum

1. Námslotur

Námslotur innan HA eru fjölbreyttar og margar, enda eru deildir háskólans ólíkar. SHA telur að með sveigjanlegu námsfyrirkomulagi sé hægt að sækja vel fram þegar kemur að námslotum og telur SHA að hver deild ætti að hafa a.m.k. eina lotu sem er skylda að mæta í, á námsári. Sé skylda að mæta í námslotur, þarf þó að vera skilyrði að þar sé eitthvað annað í boði fyrir stúdenta heldur en hefðbundinn fyrirlestur sem stúdentar geta sótt hvar og hvenær sem er.

SHA telur að lotur eigi að nýta í eitthvað fjölbreytt, nýtt, framsækið og gagnlegt fyrir stúdenta og ættu þær alls ekki að einkennast af fyrirlestrum. Stúdentar eiga að sjá hag sinn í því að mæta til Akureyrar og efla þátttöku sína í því námssamfélagi sem hér er. SHA telur að lotur ætti að nýta í verklega vinnu, verkefnavinnu sem og tenginu við atvinnulífið þar sem að heimsóknir í fyrirtæki og/eða stofnanir í nærsamfélaginu væru lykilatriði. Þá er einnig tækifæri til þess að nýta lotur í kynningar á því hvaða möguleikar standi stúdentum til boða að námi loknu.

2. Nærsamfélagið

Mikilvægt er að nýta þá sérstöðu sem HA býr yfir varðandi staðsetningu og efla tengsl stúdenta við nærsamfélagið. Hægt er að fara fjölbreyttar leiðir í þeim efnum, eins og fram hefur komið í kafla 1. varðandi námslotur. Auk þess kalla stúdenta reglulega eftir auknum verkefnum sem tengjast atvinnulífinu og er tækifæri til þess að tengja við nærsamfélög nemenda, sem búa víðs vegar um landið þegar kemur að verkefnavinnu sem skilur oft mun meira eftir heldur en stöðluð lokapróf. Þá þykir SHA mikilvægt að efla þverfaglegt samstarf á milli deilda háskólans.

3. Fyrstu skrefin á atvinnumarkaði

Náms- og starfsráðgjöf hefur reglulega boðið upp á kennslu í gerð ferilskrár fyrir stúdenta og er mikilvægt að halda slíkri fræðslu vel á lofti í samvinnu við SHA. Þegar kemur að því að

koma sér á framfæri, er að mörgu að huga og ætti SHA að huga að því að bjóða upp á fyrirlestur/fræðslu fyrir stúdenta hvað það varðar. SHA sér meðal annars tækifæri til þess að tengja slíka fræðslu við fræðslutorg sem haldin eru í HA. Þá er einnig tækifæri í því að leita til fyrri nemenda háskólans þegar kemur að reynslu að námi loknu.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í fjölskyldumálum

1. Sveigjanlegt nám

Háskólinn á Akureyri hefur skapað sér sérstöðu hvað varðar sveigjanlegt námsfyrirkomulag en í því felast margir kostir fyrir fjölskyldufólk. Þó þarf að gæta þess að aðgengi allra stúdenta sé jafnt, *sjá nánar stefnu SHA í jafnréttismálum*.

2. Húsnæði

Mikilvægt er að framboð að fjölskylduvænum íbúðum hjá FÉSTA sé gott svo að fjölskyldufólk hafi gott aðgengi að íbúðum, kjósi það að búa á Akureyri. Stúdentar ættu að sjá hag sinn í því að flytja til Akureyrar og stunda hér nám, þar sem að Akureyri er fjölskylduvænt sveitarfélag, þar sem allt er til alls. Í kynningarmálum þarf að einblína enn frekar á þá styrkleika sem felast í búsetu á Akureyri.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í gæðamálum

Gæði eru lykilinn að góðu háskólanámi og ættu alltaf að vera höfð í fyrsta sæti, þegar ákvarðanir eru teknar varðandi innritun stúdenta og námsfyrirkomulag.

1. Kennsluhættir

Stuðla skal að fjölbreyttum og nútímavæddum kennsluháttum þar sem gæði eru höfð í fyrsta sæti. Mikilvægt er að kennarar HA séu duglegir að sækja sér þau námskeið og þá símenntun sem þeim stendur til boða innan KHA, öllum til hagsbóta. Þá er mikilvægt að fyrirlestrar séu uppfærðir reglulega, SHA telur ekki eðlilegt að nota margra ára gamla fyrirlestra þar sem að samfélagið breytist hratt og árlega koma á sjónarsviðið nýjar rannsóknir sem ætti að taka mið af og styðjast við.

2. Kvörtunarferli stúdenta

Það kvörtunarferli sem er við lýði innan HA í dag, er gamalt og þarfnast endurskoðunar en mörgum stúdentum þykir það flókið og hefur það orðið til þess að mál fari ekki réttan farveg, stúdentum í óhag. SHA leggur ríka áherslu á að framkvæmdastjórn SHA fari í það verkefni starfsárið 2020–2021 að hefja endurskoðun á kvörtunarferlinu í samvinnu við Gæðastjóra HA, með það að markmiði að samræma ferlið, einfalda og gera það gegnsærra fyrir stúdenta. Þá er mikilvægt að kynna kvörtunarferlið vel fyrir öllum stúdentum háskólans og ætti sú kynning að fara fram strax á nýnemadögum HA sem og á það heima í vinnulagsnámskeiði háskólans.

3. Vinnuálag í námskeiðum

Mikilvægt er að í öllum námskeiðum háskólans sé vinnuálag í samræmi við fjölda ECTS eininga en ein ECTS-eining er 25–30 vinnustundir.

4. Kennsluáætlun og aðgengi að Moodle/Canvas

Mikilvægt er að stúdentar fái ætíð kennsluáætlun og stundatöflu á settum tíma og aðgengi að kennslukerfum námskeiða, til þess að geta undirbúið sig vel fyrir námskeið. Þá skal ætíð gæta að samræmingu kennsluáætlunar og kennslunnar sjálfar.

5. Prófanúmer

Vegna stærð háskólans og þeirra kennsluhátta sem notaðir eru, með miklu símati, getur verið erfitt að notast við prófanúmer í öllum námskeiðum. SHA leggur þó ríka áherslu á að prófanúmer séu ætíð notuð þegar um samkeppnispróf er að ræða.

6. Upplýsingaflæði á milli kennara og nemenda

Mikilvægt er að allir stúdentar hafi sömu upplýsingar frá kennurum. Þá ættu kennarar að notast við kaffihúspjöll í Moodle og/eða Canvas í auknum mæli, þar sem að allir geta séð spurningar frá stúdendum og svör frá kennurum.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í húsnæðismálum

1. Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar við HA og Akureyrarbær eiga aðild að. FÉSTA á og rekur stúdentagarða og annast ýmsa aðra þjónustu við stúdentana. Boðið er upp á mikið úrval híbýla, frá einstaklingsherbergjum til þriggja herbergja íbúða. Stúdentagarðarnir dreifast um Akureyri og er því ekki um eigindlegan stúdentakjarna að ræða. Í boði eru 38 einstaklingsherbergi, sem skiptast á milli stúdentagarðanna á Klettastíg og Útsteini en raunin er sú að fjöldi stúdenta leitar akkúrat í slíkan húsnæðiskost. Í einstaklingsherbergjunum er sá vankantur að þar geta nemendur ekki haft sumarsetur, heldur býðst þeim að flytjast búferlum á Útstein, með tilheyrandi fyrirhöfn. Þá eru aðrar íbúðir í Klettastíg, sem og í Tröllagili, Drekaagili og Kjalarsíðu ýmist tveggja eða þriggja herbergja. Þær íbúðir eru stórar og rúmgóðar og henta fjölskyldufólki vel.

2. Samvinna SHA og FÉSTA

Samvinna á milli SHA og FÉSTA hefur verið ábótavant í gegnum tíðina en á starfsárinu 2019–2020 varð loksins breyting þar á og hafa flutningar og sameiginlegt skrifstofuhúsnæði SHA og FÉSTA þar mikil og jákvæð áhrif. Mikilvægt er að byggja upp góða, sterka og skilvirka samvinnu á milli SHA og FÉSTA þar sem að SHA og FÉSTA þjónusta bæði fyrst og fremst stúdentana HA en um er að ræða stórt hagsmunamál fyrir stúdentana þegar kemur að húsnæðismálum. Framkvæmdastjórn SHA skal ætíð gæta þess að þeir fulltrúar stúdenta sem kjörnir eru í stjórn FÉSTA, séu virkir meðlimir í stjórn FÉSTA, mæti undirbúnir á fundi, leggi til málanna og hafi hagsmuni stúdenta HA ætíð að leiðarljósi.

3. Framtíðarsýn og markmið

Mikilvægt er að horfa til framtíðar þegar kemur að FÉSTA. SHA telur mikilvægt að hugað verði að gerð stúdentagarða á háskolasvæðinu og ætti það að vera markmið stjórnar FÉSTA að hefja uppbyggingu á hundasvæðinu fyrir neðan háskólann. Með því væru stúdentagarðar

beintengdir við háskólann. Þá væri kostulegast að byggja minni íbúðir en þó væri gætt að aðgengi að fjölskylduíbúðum samhliða því. SHA sér tækifæri á slíkum stúdentagörðum, þar sem að hægt væri að leigja út íbúðir fyrir stúdenta sem koma í lotur. Séu námskeið kennd við HA yfir sumartímann, er einnig um stórt og gott tækifæri að ræða.

Í samningi FÉSTA við Háskólann á Akureyri er kveðið á um að FÉSTA annist ýmsa þjónustu við stúdenta HA og má þar nefna bóksölu og veitingaþjónustu. FÉSTA hefur þó aldrei annast slíka þjónustu og telur SHA hér tækifæri til þess að bæta loks þá veitingaaðstöðu sem stúdentum HA býðst. Staðreyndin er sú að stúdentar borga mjög hátt verð fyrir heitan mat í hádeginu í þeirri veitingasölu sem rekin er í HA og hefur SHA ítrekað reynt að bæta úr því, án árangurs. Hér er tækifæri til þess að reka veitingaþjónustu og einskonar studentakjallara á kvöldin, sem gæti myndað sér sess í lífi stúdenta sem samkomustaður þeirra en teymisvinna, samtöl og annað skipa lykilhlutverk í lífi stúdenta.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í jafnréttismálum

1. Jafnrétti innan háskólans

Innan veggja Háskólans á Akureyri starfar öflugt Jafnréttisráð. SHA er skylt að fylgja eftir [Áætlun HA um jafna stöðu kynjanna](#), [Siðareglum HA](#) sem [og Verklagsreglum SHA er varða viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan SHA](#). Mikilvægt er að SHA kynni þessar þrjár reglur og áætlanir rækilega fyrir stúdentum reglulega og skal framkvæmdastjórn stikla á þeim strax á nýnemadögum háskólans. Þá bendir SHA einnig á að á vefsíðu háskólans má finna hnapp þar sem hægt er að tilkynna um einelti og ofbeldi.

2. Jafnt aðgengi að námi

Stúdentar Háskólans á Akureyri er fjölbreyttur hópur og hefur háskólinn skipað sér ákveðna sérstöðu þegar kemur að sveigjanlegu námsfyrirkomulagi. Mikilvægt er að tryggja jafnt aðgengi allar stúdenta að námi háskólans og skal aldrei mismuna stúdentum eftir því hvort að þeir séu skráðir í staðar- eða fjarnám. Þegar kemur að upptökum kennslustunda og fyrirlestra er mikilvægt að upptökur séu ætíð aðgengilegar og þarf að gæta þess sérstaklega að þeir stúdentar sem nýta sér upptökur, missi ekki af umræðum sem fara fram í kennslustundum, gæta þarf þess að fjarnemar hafi tök á að taka þátt í umræðum á rauntíma, í gegnum viðeigandi búnað.

Innan veggja HA er einstakt námssamfélag þar sem stærð háskólans spilar stórt hlutverk. Vegna þessa er aðgengi stúdenta að kennurum og starfsfólki skólans almennt talið mjög gott. Mikilvægt er að kennarar kynni vel fyrir stúdentum hvernig best sé að nálgast þá og á hvaða tímum. Þá er æskilegt að notast við umræðuþræði á Moodle/Canvas í auknum mæli, til þess að svör kennara við fyrirspurnum séu öllum aðgengileg.

3. Aðgengismál

Aðgengismál innan veggja háskólans eru almennt góð. Þó þarf að gæta þess þegar breytingar eru gerðar, að jafnt aðgengi allra sé tryggt. Þar sem að flestir viðburðir SHA og aðildarfélaga þess eru haldnir fyrir utan veggja háskólans, er nauðsynlegt að staðsetningar séu valdar út frá aðgengismálum og skal það ætíð tryggt að allir hafi kost á því að sækja alla viðburði og þurfi ekki að hafa áhyggjur að aðgengi.

4. Erlendir nemendur

Á hverju misseri koma erlendir stúdentar í Háskólann á Akureyri til þess að stunda skiptinám. Nokkur takmörkun er á þeim námskeiðum sem skiptinemar geta sótt, þar sem að stór hluti námskeiða HA eru kennd á íslensku. Aukið framboð af námskeiðum á ensku myndi auka fjölbreytni í námi skiptinema og gera þeim kleift að stunda nám sem sammælist frekar því námi sem þeir leggja stund á í sínum heimaskólum.

Hvað varðar móttöku skiptinema, að þá er hún í höndum Alþjóðafulltrúa HA. SHA hefur ætíð átt afar gott samstarf við Alþjóðafulltrúann og hefur formaður Alþjóðanefndar SHA verið í forsvari fyrir því samstarfi og haldið sömuleiðis utan um félagslíf skiptinema og séð til þess að skiptinemar fái allar upplýsingar á ensku. Þó geta SHA sem og aðildarfélög þess, tekið sig til og gert betur þegar kemur að því að auglýsa og upplýsa á ensku.

Þrátt fyrir öfluga Alþjóðanefnd gerist það gjarnan að skiptinemar hópa sig mikið saman og mynda einskonar samfélag, en blandast illa eða ekki saman við aðra stúdentu HA. Úr því þarf að bæta og skal SHA vera leiðandi þar.

5. Stoðþjónusta

Stúdentum HA býðst öflug og fagleg náms- og starfsráðgjöf sér að kostnaðarlausu innan veggja háskólans. Mikilvægt er að SHA kynni það úrræði fyrir nemendum vel og reglulega auk þess sem sú eining stoðþjónustunnar er virk og sýnileg á nýnemadögum á ári hverju. Aðgengi og óskir um sér úrræði stúdentu þurfa ætíð að fara í gegnum náms- og starfsráðgjöf HA og er mikilvægt að SHA bendi á það.

6. Kynning á starfsemi háskólans út á við

Háskólinn á Akureyri býr að fjölbreyttum hópi starfsfólks og stúdenta. Mikilvægt er að kynningarefni HA endurspegli þá fjölbreytni sem er innan veggja háskólans, á sama tíma og það leggur áherslu á sérstöðu HA. Þá er nauðsynlegt að það sé skýrt í öllu kynningar- og upplýsingaefni HA hvað felist í raun og veru í því að stunda sveigjanlegt nám.

Kynjahlutfall stúdenta er mjög ójafnt innan HA, sem og innan veggja annarra háskóla á Íslandi. Mikilvægt er að jafna kynjahlutfall og hvetja stráka til þess að sækja nám við háskólann og ætti að horfa á það, þegar kemur að kynningarmálum háskólans.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í náms- og kennslumálum

Háskólinn á Akureyri hefur skapað sér sérstöðu þegar kemur að sveigjanlegu námsfyrirkomulagi. Mikilvægt er að það sé vel kynnt fyrir umsækjendum HA hvað felst í því að stunda sveigjanlegt nám og að ítreka það fyrir öllum þeim stúdentum sem hefja nám innan háskólans. Þá hefur ólíkur skilningur á sveigjanlegu námi á milli fræðasviða og deilda, valdið ruglingi á ýmsum stöðum og er mikilvægt að Háskólinn á Akureyri endurskoði og skýri stefnu sína hvað námsfyrirkomulagið varðar. Það eru forréttindi að fá að stunda háskólanám og því ætti aldrei að vera tekið sem gefnu.

1. Námslotur á Akureyri

Liður í því að vera virkur þátttakandi í námssamfélaginu sem hér er, er að mæta og taka þátt í samfélaginu. Námslotur eru gott tækifæri til þess að efla þennan þátt enn frekar. Þá telur SHA að einn mikilvægasti liður í námi sé teymisvinna og lærdómur í hópi en slík þátttaka undirbýr stúdenta fyrir atvinnulífið. Fyrirkomulag námslota er afar ólíkt á milli námsleiða og er það eðlilegt. Þó er mikilvægt að stúdentar sjái hag sinn í því að mæta í námslotur á Akureyri. SHA telur að það ætti að vera skyldumæting í minnst eina námslotu á ári, en sé skylda að mæta í námslotu er nauðsynlegt að þar sé eitthvað annað á dagskrá heldur en hefðbundnir fyrirlestrar sem hægt er að sækja hvar og hvenær sem er. Hér er tækifæri til þess að tengja við nærsamfélag háskólans með auknum mæli. *Sjá nánar Stefnu SHA í atvinnumálum.* Þá skal SHA og aðildarfélög þess sérstaklega, gæta þess að hafa eitthvað félagslegt í boði fyrir stúdenta þegar lotur eru.

2. Námsfyrirkomulag

Mikilvægt er að fjölbreytni sé höfð að leiðarljósi þegar kemur að námsfyrirkomulagi. Stúdentar þurfa að sjá hvata í því að mæta og taka þátt í kennslustundum, hvort sem það er í kennslustofum, í gegnum fjarveru eða Zoom. Umræðutímar og verkefnavinna skilur almennt mikið eftir hjá nemendum og ætti námsfyrirkomulag aldrei að byggja eingöngu á fyrirlestrum og stóru lokaprófi. Hægt er að fara fjölbreyttar leiðir þegar kemur að námsfyrirkomulagi, í einhverjum námskeiðum gæti vendikennsla hentað vel, þar sem að

stúdentar horfa á fyrirlestur fyrir kennslustund og taka síðan þátt í umræðum og/eða verkefnavinnu með kennara í kennslustund. Sé það gert, þarf að gæta þess að fjarnemar geti tekið þátt í gegn um Zoom eða fjarveru.

3. Námsmat

Námsmat skal framkvæma á fjölbreyttan hátt og þarf að huga að því hvernig námsmat hentar best hverju sinni. Þá þarf að gæta sérstaklega að samþættingu námsmats og kennslu, námsmats og kennsluáætlunar ásamt samþættingu námsmats og lærdómsviðmiða hverju sinni. Niðurstaða námsmats á ætíð að segja til um þá þekkingu og færni sem stúdentar hafa öðlast hverju sinni. Þá er nauðsynlegt að námsmat sé fjölbreytt og að forðast sé að styðjast eingöngu við stór lokapróf. Einkunnargjöf í lokaprófum endurspeglar ein og sér ekki raunverulega hæfni og þekkingu stúdenta.

4. Endurgjöf

Endurgjöf skal ætíð vera veitt samkvæmt reglum HA um námsmat. Stúdentar eiga ætíð rétt á endurgjöf á verkefnum sínum og prófum, hvort sem að það er yfir misserið eða í lokaprófi/lokaverkefni.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í umhverfis- og samgöngumálum

1. Háskólinn á Akureyri í fararbroddi í umhverfismálum

Háskólinn á Akureyri er Grænfánaskóli og ber öllum stúdentum HA að kynna sér Umhverfis- og samgöngustefnu HA og skal SHA ætíð fylgja henni eftir.

Mikilvægt er að SHA eigi virka fulltrúa í Umhverfisráði HA, sem upplýsi SHA reglulega um störf og verkefni ráðsins, með það að markmiði að virkja og efla alla stúdenta.

2. Stúdentagarðar FÉSTA

Í lok árs 2019 var flokkunaraðstaða stúdentagarða FÉSTA loks bætt, eftir ítrekaðar áskoranir og kröfur frá stúdentum. Mikilvægt er að því verði haldið vel við og að fylgst verði með flokkun á stúdentagörðunum. Þá er mikilvægt að hafa aðgengilegt kynningarefni varðandi flokkun fyrir þá sem flytja á stúdentagarðana og þekkja ef til vill ekki flokkunina á Akureyri. Fulltrúar SHA í Umhverfisráði skulu reglulega vera með fræðslu og áminningar á samfélagsmiðlum SHA.

3. Námslotur á Akureyri

Á misseri hverju kemur fjöldi stúdenta frá hinum ýmsu landshlutum, eða jafnvel erlendis frá, til þess að mæta í lotur í HA. Mikilvægt er að samnýta bíla, til þess að stuðla að bættum umhverfisháttum og einnig til þess að spara fjármagn stúdenta. SHA skal virkja hópinn Samferða Háskólinn á Akureyri, á Facebook og hvetja stúdenta til þess að nýta sér þann hóp til þess að sameinast í bíla fyrir lotur. Framkvæmdastjórn gerir sitt besta hverju sinni við það að bjóða upp á gistingu á góðu verði fyrir fjarnema. Öll sérkjör fyrir stúdenta skulu vera aðgengileg á vef SHA.

4. Virkur ferðamáti

Til þess að efla virkan ferðamáta stúdenta HA er mikilvægt að efla samgöngur á Akureyri. Leiðakerfi strætó hentar flestum stúdentum og starfsfólki HA afar illa. Þá er mikilvægt að

byggja hjólageymslu við háskólann, svo að stúdentar og starfsfólk hafi þann kost að koma hjólandi í skólann og geti geymt hjól sín á öruggum stað. Haustið 2019 stóð Umhverfissráð fyrir því að loka bílastæðum við HA í einn dag, slíkur viðburður og aðrir viðburðir sem hvetja fólk til umhugsunar, ættu að vera reglulega. SHA skal efna til samkeppni í virkum ferðamáta til þess að hvetja stúdenta sem og starfsmenn háskólans til þess að nýta sér virkan ferðamáta í ríkari mæli.

5. Végeirsstaðir

Í Umhverfisstefnu HA er kveðið á um að markvisst skuli vinna að því að auka hlut skógræktar í landi Végeirsstaða sem er í umsjón HA. SHA skal hvetja stúdenta til þess að taka þátt í því samfélagsverkefni og taka frumkvæði þegar kemur að gróðursetningu.